



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu Íþróttabings Íþrótt- og Ólympíusambands
Íslands og Vetraríþróttahátíðar ÍSÍ
á Akureyri
24. mars 2000**

Forystusveit íþróttahreyfingarinnar
Ágæta íþróttafólk
Heiðruðu gestir.

Íslenskt íþróttalíf er í miklum blóma, framvarðarsveitin í frjálsum íþróttum, hópíþróttum, sundi og fleiri keppnisgreinum hefur skipað okkur á fremsta bekk á alþjóðavelli. Þátttaka almennings í íþróttum og hollri hreyfingu fer vaxandi, bæði ungmenna og fólks á öllum aldri.

Íþróttirnar eru sífellt mikilvægari hlekkur í samfélagi og menningu okkar Íslendinga. Þær efla þjóðarmetnað og samstöðu, treysta sjálfsmynd okkar og örugga framgöngu í samstarfi þjóðanna. Rannsóknir vísinda og fræða sýna æ betur að iðkun íþróttar er einnig vörn gegn sjúkdómum hvort sem við stefnum að afrekum sem öðrum skáka eða viljum bara hlúa að eigin líkama og sál, efla þrek og þrótt; byggja þannig varnir gegn þeim sjúkdómum sem sækja á þjóðir heims með sívaxandi þunga.

Við iðkun íþróttar finnum við aflið sem í okkur býr, lærum að treysta sjálfum okkur og vinna með öðrum. Íþróttirnar sýna nauðsyn samstöðunnar: að ná settu marki í samspili með öðrum.

Heimurinn er nú sannarlega orðinn eins og lítið þorp. Alþjóðavæðingin hleypir atburðum og fólki frá fjarlægum stöðum inn fyrir alla múra. Ísland er ekki lengur eyland í úthafi heldur í beinum tengslum við allt sem gerist. Sú þróun er að flestu leyti ánægjuleg og hefur leyst úr læðingi hugvit og tækni sem gera ungu fólki kleift að líta á veröldina alla sem starfsvöll og þroskabraut. En óhjákvæmilega berast líka að okkur óholl áhrif; áhrif sem nauðsynlegt er að verjast eftir föngum.

Það er því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að íslenskt æskufólk eigi hollar fyrirmyndir á heimaslóð, átrúnaðargoð sem með framgöngu sinni og afrekum vísa öðrum veg að hollum lifnaðarháttum og heilbrigðri lífsgleði, sjálfsaga og samvinnu. Slíkar fyrirmyndir sækir íslensk æska í auknu mæli til afreksfólks í íþróttum. Það sást best um daginn þegar unga fólkið flyktist á frjálsíþróttamót ÍR til að fylgjast með Jóni Arnari, Völu, Guðrúnu, Einari og öðru glæsilegu íþróttafólki sem þar þreytti keppni og hópaðist svo að hetjum sínum til að eiga heima í herbergi áritaða mynd, minningu sem í senn hvetur og gleður.

Kappar og kvenhetjur Íslendingasagna voru afreksfólk sinnar tíðar og um aldir fyrirmyndir ótalinna kynslóða í okkar landi. Þau voru vaskari og djarfari en aðrir menn þótt erfitt sé kanski að bera afrek þeirra saman við þau sem íþróttafólk vinnur á okkar tímum. Jón Páll Sigmarsson, sá góði drengur og afreksmaður, dáður fyrir afl sitt og leikni um allan heim, svaraði því til þegar hann var spurður um styrk Grettis Ásmundssonar að Grettir hefði vísast verið nokkuð sterkur en ekki vissi hann þó hverju hann hefði lyft í bekkpressu.

Íþróttir hafa vissulega gegnt mikilvægu hlutverki í menningu og menntalífi þjóðarinnar en íþróttir eru ekki síður burðarás í heilbrigðismálum, í baráttunni við suma erfiðustu sjúkdóma samtímans og í forvarnarstarfi gegn ávana- og fíkniefnum.

Þessi þáttur íþróttanna í eflingu heilbrigðis, í glímunni við sjúkdóma og veikindi, gleymist oft þegar rætt er um þá fjármuni sem renna til íþróttastarfs og vegið er og metið hvort auka skuli þá eða minnka. Rannsóknir hafa leitt í ljós að þeim sem stunda íþróttir á æskuárum eða reglubundna hreyfingu alla ævi er síður hætt við ýmsum þeirra sjúkdóma sem skæðastir eru á okkar dögum og einna dýrastir eru í kostnaðarreikningi sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana. Það má því leiða sterk rök að því að það sé verulega hagstætt efnahagsreikningi þjóðarinnar að efla enn frekar stuðning við íþróttastarfið í landinu.

Mér hefur oft fundist að umræðan um íþróttir, bæði æskufólks og almennings, fjármál og framlög til þeirra hreyfinga sem að íþróttum vinna, eigi ekki aðeins að vera dagskrárefni þegar kemur að ráðuneyti mennta og menningar eins og nú er gert samkvæmt stjórnskipan landsins, heldur ekki síður þegar Alþingi ákveður útgjöld til heilbrigðismála og félagslegra aðgerða í baráttunni við eiturlyfin. Efling íþróttanna meðal almennings á öllum aldri er ekki síður sparnaðaraðgerð en sameining sjúkrahúsa en samt er sjaldgæft að rætt sé um framlag íþróttanna til hins mikla þjóðhagslega sparnaðar sem næst með aukinni hreyfingu og útivist, til að hefta útbreiðslu ýmissa sjúkdóma með heilbrigðum lífsháttum.

Það væri fróðlegt að velta því fyrir sér um stund hvernig fjárhagur íþróttanna væri metinn ef þær á þessum forsendum væru færðar úr ráðuneyti mennta og menningar í ráðuneyti heilbrigðis og félagsmála – og vil ég þó ekki gera lítið úr því góða ráðuneyti sem nú er heimilisfang ykkar mála. En rannsóknir og breyttir lífshættir hafa fært okkur nýja og víðtækari sýn á gildi íþróttar fyrir samfélagið allt, lífshamingju, heilbrigði og efnahag.

Það er fagnaðarefni að þing Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands skuli nú haldið hér á Akureyri í tengslum við vetraríþróttahátíðina, að samspil íþróttar og útivistar sé enn á ný áréttað með þessum hætti. Fegurð fjallanna og víðáttur fjarðarins eru vissulega tignarleg umgjörð um góða keppni og árangursríkar umræður.

Ég óska ykkur til hamingju með glæsilegt og heilladrjúgt starf á liðnum árum og vænti þess að framtíðin færi íþróttafólki í senn nýja sigra og traustan sess í þeirri sjálfsmynd sem íslensk þjóð mun skapa á nýrri öld.